

lesbók

Íslensku sjónlistaverðlaunin verða afhent á föstudaginn í Flugsafni Íslands á Akureyri. Sex listamenn vanna um annar á sviði myndlistar en hinn á sviði hönnunar. Tvær milljónir króna koma í hlut hvors listamanns sem hönnunar hér á landi. Hinir tilnefndu eru í ár Birgir Andrésson, Hekla Dögg Jónsdóttir, Hrafnkell Sigurðardóttir skrifar um myndlistarmennina Birgi, Heklu Dögg og Hrafnkel og Elísabet V. Ingvarsdóttir um

Íslensku sjónli



Morgunblaðið/Porkell

Hrafnkell „Maður og menning er gegnumgangandi þema í verkum hans sem búa gjarnan yfir ríkari skírskotunum en virðist við fyrstu sýn.“

Óvænt sjónarhorn á samspilmenningar og náttúru

Hrafnkell Sigurðsson er tilnefndur fyrir ljósmyndaröð sína Áhöfn, ljósmyndir af sjóstökkum samtímans og olíuverkin Athafnasvæði, verk unnin með olíu á pappír, hvort tveggja innsetningar á mörkum abstraktsins en með samfélagslegu ívafi.

Hrafnkell hefur sýnt verk sín reglulega og á fjölbreyttum stöðum á síðustu árum, hér heima bæði í framsæknum listrýmum á borð við Bananananas en einnig hjá viðurkennðari sýningarstöðum eins og í8. Hann hefur sýnt víða erlendis, á síðasta ári meðal annars á sýningunni Statements Paris Photo í Louvre-safninu í París.

Éitt helsta einkennið á list Hrafnkels er óvænt sjónarhorn á samspil menningar og náttúru. Hann dregur fram sjónræna þætti hversdagslegra hluta á nýstárlegan hátt. Vísun í abstrakt hefð og strangflatarmálverk er sterk, einnig tilhneiging til tvíhyggju þar sem verkin innifela andstæður í sjálfu sér eða byggjast upp á mótspili andstæðna. Speglun og samhverfur eru af svipuðum meði og einkenna sum verka hans.

Íslensk náttúra hefur birst í verkum hans allt frá því hann á skólaárunum vann með hraunfyrirborð í ljósmyndum. Hann skapaði óvænnta skúlptúra á ljósmyndum af speglun hrauns í vatni, þar birtust fyrstu samhverfurnar og minntu á kjarvalska hausa nema hér var það tækni sem skapaði furðumyndir. Íslensk náttúra er sömuleiðis viðfangsefni Hrafnkels í ljósmyndaröð af tjöldum í náttúru Íslands, en ein þeirra prýddi forsíðu símaskrárinnar 2004. Hér eru tjöldin í samspili við náttúruna, einföld form þeirra minna á fjöll í lögun og undirstrika þátt formsins í landslagsmyndum, en ljósmyndirnar má einnig sjá sem innlegg í sögu og þróun íslenskra landslagsmálverka og nálgun Hrafnkels við ljósmyndina minnir oft á vinnuáferðir málara.

Maður og menning er gegnumgangandi þema í verkum hans sem búa gjarnan yfir ríkari skírskotunum en virðist við fyrstu sýn. Myndraðir hans af rusli, bæði ruslapokum og litríkri samhverfur byggðar upp á rusli á sorphaugum vísa til hverfuleika og varpa fram spurningum um neytlusamfélagið. Samfélagslega vísunin er sterk í nýjustu verkum hans, safaríkir litir og áferð ókræsilegra sjóstakkanna segja meira en mörg orð um sjómannslíf í dag og áður. Olíumálud veggverk Athafnasvæðisins fela sömuleiðis í sér lunkna vísun til listasögunnar og karlmannsmyndarinnar, Hrafnkell forðast jafnan að vera upphafinn í verkum sínum og húmorinn er sjaldan langt undan.

Spilar saman tækni og náttúru

Hekla Dögg Jónsdóttir vinnur verk sín í fjölbreytta miðla í anda samtímalistar þar sem listamenn hika ekki við að ganga í efnivið og stíltegundir eftir því sem þarf. Hún er tilnefnd fyrir verk sitt Fossinn sem sýndur var á Kjarvalsstöðum, röð verka í skammdegissýningunni Ljósaskipti og innsetninguna Fire, Fire, Fire. Hér mætast tækni, leikur og rómantík, gjarnan með beinni eða óbeinni þátttöku áhorfenda.

Hekla Dögg er yngst listamannanna þriggja en hefur engu að síður sýnt verk sín víða erlendis og hér heima á ýmsum stöðum eins og t.d. Kling og Bang og á samsýningu í Listasafni Íslands. Hekla Dögg hefur einnig unnið sem sýningarstjóri og er einn af stofnendum Kling og Bang-sýningarsalsins.

Hekla Dögg spilar saman tækni og náttúru sem hún sviðsetur á ýmsan máta í verkum sínum. Til dæmis frysti hún poll í einu þeirra, í heitu loftslagi Bandaríkjanna en hún var í framhaldsnámi við Cal Art í Los Angeles. Þar notaði hún heimagerða tækni við að kalla fram bernskuminningu um frosna polla á Íslandi. Önnur sviðsetning náttúrunnar var að hengja upp eins konar leiktjöld í skógi og gera þannig skóginn sjálfan að leiksviði um leið og verkið minnir á hvernig sjónarhorn okkar er alltaf háð menningarlegum bakgrunni.

Sviðsetning náttúrunnar heldur áfram í verki Heklu, Foss, skúlptúr sem sýndur var á Kjarvalsstöðum, sem samsettur er úr plastslöngum og ljósleiðurum eins og fleiri verk hennar. Skúlptúrin byggist á samspili hljóðs og ljóss og kallar fram tengsl við náttúruromantík og náttúruvernd. Viðkvæm bygging hans og gerð eru eins og barnsleg tilraun til að endurskapa náttúruna en tæknileg hlið verksins er mun þróaðri. Ekki óþekkt samspil tækni og náttúru á sér stað í innsetningunni Fire, fire, fire þar sem ljósleiðarar og myndbirting af eldtungum á vegg skapa saman hugleiðingu um upplifun og birting-



Morgunblaðið/Sverrir

Hekla „Í nýrri verkum treystir hún á einfaldari og viðkvæmari efni til að skapa innsetningar sínar.“

armyndir náttúru í tæknivæddu samfélagi auk þess sem áhorfandinn er leiddur inn í heim sem minnir á sjónarspil skemmtanahalla eða tívolís þar sem hrein, sjónræn upplifun er í brennidepli.

Hekla er alls óhrædd við að nota fundna hluti í innsetningar sínar, bæði hljóð og stærri hluti á borð við bíl, aðaluppistöðu verksins Art really makes my day sem hún sýndi á bílastæði Kringlunnar 2003. Í nýrri verkum treystir hún á einfaldari og viðkvæmari efni til að skapa innsetningar sínar. Eins og segja má um fleiri af hennar kynslóð einkennist list hennar af leikandi léttu samspili brotakenndra, sjónrænna þátta.

Eðli sjónrænnar skynjunar og möguleikar tungumálsins

Birgir Andrésson hefur fyrir löngu markað sér sérstöðu innan íslenskrar myndlistar, annars vegar vegna einstakrar sýnar sinnar á og vinnu með íslenska menningu fyrr og nú, hins vegar vegna stöðugrar rannsóknar á samspili orða og mynda. Verk hans eru aðgengileg, þjóðleg á persónulegan hátt og hafa undirtóna íslenskrar fyndni.

Birgir Andrésson hefur sýnt verk sín víða um heim og hér heima, 1995 var hann fulltrúi Íslands á Tvífæringnum í Feneyjum, á síðasta ári var haldin yfirlitssýning á verkum hans í Listasafni Íslands, en Birgir er tilnefndur fyrir verk sín á henni.

Birgir varð sér snemma meðvitaður um eðli sjónrænnar skynjunar og möguleika tungumálsins á að miðla mynd af heiminum en hann ólst upp hjá blindum foreldrum. Snemma á ferli sínum tók hann meðvitað þá afstöðu að leita í verkum sínum gagnert til íslenskrar hefðar og menningar. List hans, efniviður og framsetning verka einkennist þó af alþjóðlegum straumum og stefnum á borð við hugmyndalist og naumhyggju.

Meðal verka sem vakið hafa sérstaka athygli eru textaportrett hans sem sýna mannlysingar í orðum. Þar kallar textinn fram mynd í huga áhorfandans og birtir um leið hugsunarhátt þeirrar menningar sem ritaði hann, en textana fann Birgir meðal annars í gömlum íslenskum dómum.

Íslenski fáninn í sauðalitunum, þrjónaður úr lopa, segir allt sem segja þarf um þjóð sem telur sig standa framarlega á alþjóðlegan mælikvarða, en skynjar kannski bæði sjálfa sig og umheiminn enn með augum fortíðar.

Samtímamál á borð við innflytjendur á Íslandi er viðfangsefni Birgis þegar hann setur gróðursetur ávaxtasteina í alíslenskum jarðvegi í Ora-niðursuðudósum. Hér koma líka saman hin séríslenska fagurfræði sem birtist í hönnun dósarinnar og samspil hennar við fingerð lauf framandi gróðurs. Áherslan á rannsókn á íslenskrri fagurfræði er einnig meginþemað í verkum sem leitast við að birta íslenskt litróf



Morgunblaðið/Jim Smart

Birgir „Hefur fyrir löngu markað sér sérstöðu innan íslenskrar myndlistar, annars vegar vegna einstakrar sýnar sinnar á og vinnu með íslenska menningu fyrr og nú, hins vegar vegna stöðugrar rannsóknar á samspili orða og mynda.“

í húsamálningu og birtist enn og aftur í uppstækkuðum myndum hans af íslenskum frímerkjum.

Prívíðu verkin „Build“ byggjast á pappakössum þar sem letur hefur verið klippt burt, eftir standa kassar sem minna á líkón úr byggingarlist en hér er það hið fjarlægða letur sem skapar nýja mynd. Samspil heimspekilegra og málvísindalegra vangaveltna í bland við persónulega reynsla og líðna tíð einkenna þetta verk eins og fleiri verk eftir Birgi, en hér byggir hann á persónulegri reynslu úr bernsku þegar hann skar út stafi úr pappakössum fyrir sjónþapran vin. Endurvinnsla á borð við þessa, á eigin sögu og sögu þjóðarinnar í bland einkennir gjarnan list Birgis.